	Flutt kr.	245124 19	61
6. Útborgað af innstæðufje á hlaupareikning		39808 98	
7. Útborgað af sparisjóðsinnstæðufje	90820 60		
Að viðbættum dagvöxtum	11 48	90832 08	
8. Kostnaður við bankahaldið (laun o. fl.)		2913 70	
9. Ýmisleg útgjöld		115 68	
10. Til jafnaðar móti tekjul. 3.		1215 00	
11. Í sjóði 31. marz		161181 12	
	kr.	541190 75	

Athugasemdir:

Landsbankinn átti 31. marz 1895:

1. Skuldabrjef fyrir lánum:			
a. Fasteignarveðskuldabrjet	749283 39		
b. Sjálfsskuldarábyrgðarskuldabrjef	160796 42		
c. Handveðsskuldabrjef	56120 02		
d. Skuldabrjef fyrir lánum gegn ábyrgð sveita- og bæjarfjelaga	20620 43	986820 26	
2. Kgl. skuldabrjef og önnur útlend verðbrjef, hljóðandi upp á samtals 367000 krón., eptir gangverði 31. desbr. 1894		370682 50	
3. Skuldabrjef Reykjavíkur kaupstaðar		1400 00	
4. Óinnleystir víxlar		55604 61	
5. Oinnleystar ávísanir		1195 87	
6. Fasteignir lagðar bankanum út fyrir lánum að upphæð . . .		2500 00	
7. Hjá Landmandsbankanum		46964 03	
8. Í sjóði		161181 12	
	kr.	1626348 39	

Seðlaskuld bankans til landssjóðs var 31. marz 1895		500000 00
Innstæðufje á hlaupareikning		112242 64
Innstæðufje með sparisjóðskjörum s. d.		830087 66
Varasjóður sparisjóðs Reykjavíkur 31. des. 1894		14232 80
Varasjóður bankans s. d.		141104 90
Ýmsar tekjur sem enn eru eigi lagðar við varasjóð		28680 39
	kr.	1626348 39

Landsbankinn, Reykjavík 8. maí 1895.

Tryggvi Gunnarsson. B. Kristjánsson. Eiríkur Briem.

Auglýsing

62

um yfirsetukvennaumdæmi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Samkvæmt ákvæðum amtsráðsins í Norðuramtinu skulu yfirsetukvennaumdæmi í Suður-Þingeyjarsýslu eptirleiðis vera á þessa leið:

1. Húsavíkurhreppur.

62

2. Aðaldælahreppur.
3. Reykdælahreppur.
4. Skútustaðahreppur.
5. Nyrðri hluti Ljósavatnshrepps vestan Skjálfandafljóts að Ljósavatni.
6. Syðri hluti Ljósavatnshrepps að Ljósavatni meðtöldu.
7. Hálsprestakall.
8. Þönglabakka prestakall með Heiðarhúsum og Grímslandi í Laufássókn.
9. Grenivíkurprestakall og Laufássókn að fráskildum Heiðarhúsum og Grímslandi.

Skrifstofu Norðuramtsins, Akureyri, 25. maí 1895.

Páll Briem.

Embættaskipun og sýslana.

31. maí veitti konungur sýslumanni í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeta á Ísafirði *Skúla Thoroddsen* lausn frá tjeðu embætti með eptirlaunum eptir eptirlaunalögunum.

S. d. veitti konungur sýslumanni í Suður-Múlasýslu *Jóni Johnsen* lausn í náð frá tjeðu embætti með eptirlaunum eptir eptirlaunalögunum.

7. júní skipaði landshöfðingi alþingismann *Jón Jónsson í Múla* umboðsmann *Norðursýsluumboðsjarða.*

12. júní setti landshöfðingi cand. jur. *Sigurð Pjetursson* til þess að gegna fyrst um sinn sýslumannsembættinu í *Suður-Múlasýslu.*

19. júní veitti landshöfðingi presti að Helgastöðum, *síra Mattíasi Eggertssyni, Miðgarðaprestakall í Grímsey*, eptir að tillögu hlutaðeigandi safnaðar hafði verið um það leitað.

20. júní veitti landshöfðingi prestaskólakandídat *Filippusi Magnússyni Staðarprestakall á Reykjanesi* samkvæmt kosningu hlutaðeigandi safnaða.

Óveitt embætti,

er ráðgjafinn fyrir Ísland annast um veitingu á.

1. *Sýslumannsembættið í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetaembættið í Ísafjarðarkaupstað* í Vesturamti Íslands, árslaun 3500 kr.

Auglýst 31. maí 1895.

Umsóknarbrjefin eiga að vera komin til ráðgjafans 3. sept. 1895.

2. *Sýslumannsembættið í Suður-Múlasýslu*, árslaun 2500 kr.

Auglýst 31. maí 1895.

Umsóknarbrjefin eiga að vera komin til ráðgjafans 3. sept. 1895.

Sæki aðrir en Íslendingar um embætti þessi, verða þeir samkvæmt konungsbrj. 8. apríl 1844 og konungsúrskurðum 27. maí 1857 og 8. febr. 1863 að láta bónarbrjefum sínum fylgja fullnægjandi skilríki fyrir því, að þeir kunni íslenzka tungu.

Settur prófastur.

9. maí var dómkirkjuprestur *síra Jóhann Þorkelsson* af biskupi settur fyrst um sinn prófastur í Kjalarnessprófastsdæmi.

Óveitt prestakall.

Garðar á Álptanesi, Garða- og Bessastaðasóknir. Á prestakallinu hvílir kirkjubyggingarlán, tekið 1880, upphaflega 10,000 kr., er afborgast með 6% árlega á 28 árum. Metið 2522,72. Augl. 14. maí. Veitist frá næstu fardögum.